

FUNDARGERÐ

**Fundur nr. 7 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn þriðjudaginn 14. ágúst 2018 kl. 18:00 í fundarsal
Hótels Vestmannaeyja**

Mættir eru Grímur Gíslason (GG), Lúðvík Bergvinsson (LB), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG) og Dóra Björk Gunnarsdóttir (DBG).

Á dagskrá fundarins voru sjö dagskrárliðir:

1. Verkaskipting stjórnar

Kosning stjórnarformanns og varaformanns.

Lögð fram tillaga um að Lúðvík Bergvinsson verði stjórnarformaður og Dóra Björk Gunnarsdóttir verði varaformaður. Tillagan samþykkt. Þá var lögð fram tillaga um að Arndís Bára Ingimarsdóttir verði ritari. Sú tillaga einnig samþykkt.

Þá samþykkti stjórn tillögu um að framkvæmdastjórn sem Lúðvík Bergvinsson og Grímur Gíslason skipa starfi áfram í umboði stjórnar.

DBG lagði til að varamenn sitji fundi stjórnar og hefðu tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. DBG lagði þetta til í því skyni að fá breiðari hóp að ákvarðanatökunni og til þess að auðvelda varamönnum að detta inn á fundi þegar sú staða kemur upp. Var vísað til þess að svona væri unnið í mörgum stjórnnum og var ákveðið að skoða þetta mál frekar. LB lagði til að fundargerðir yrðu sendar á varamenn til að þeir gætu fylgst með því sem fer fram í stjórn félagsins og eigi þannig auðveldara með að taka þátt í starfinu komi til þess.

2. Stefna félagsins sem ferðapjónustufyrirtækis

LB gerði grein fyrir stefnu félagsins sem ferðapjónustufyrirtækis sem fyrri stjórn hafði mótað, en félagið stefnir að því að verða leiðandi fyrirtæki á sviði ferðapjónustu í Vestmannaeyjum enda er Herjólfur dyrnar að Vestmannaeyjum og framtíðin liggur í ferðapjónustu.

GG kynnti einnig hugmynd um fyrirhugaða þjónustumiðstöð við afleggjarann að Landeyjahöfn fyrir stjórninni og voru stjórnarmenn sammála um að hugmyndin væri góð og vær vel til þess fallin að auka straum ferðamanna til Vestmannaeyja og styrkja ferðapjónustuna hér í Eyjum.

3. Staða ráðningarmála

Fyrir liggur að búið er að auglýsa allar stöður á skipinu. GG upplýsir að umsóknarfrestur um stöðu framkvæmdastjóra rennur út í vikunni en umsóknarfrestur um aðrar stöður rennur út í næstu viku. GG hefur upplýsingar um að þó nokkuð af umsóknum hafi borist Capacent um stöðu framkvæmdastjóra. Næstu skref eru að bíða eftir að umsóknarfrestur líði. Í framhaldi af því fara fram viðtöl og fleira sem Capacent mun sjá um í samráði við stjórn. Varðandi umsóknir um önnur störf upplýsir GG að eitthvað hafi borist af umsóknum en eins og fram hefur komið rennur umsóknarfrestur um þau störf ekki út fyrr en í næstu viku. Skipstjórar Herjólfss ohf. hafa rætt við áhöfn Herjólfss varðandi umsóknir. Framkvæmdastjórn falið að vera í samskiptum við Capacent í umboði stjórnar.

4. Staða á nýsmíði skipsins

Fyrir liggur að seinkun mun verða á afhendingu skipsins og upplýsa LB og GG að vænta megi frekari seinkunnar, ef til vill til mánaðamóta október/nóvember 2018.

Þá var rætt um að komi til þess að seinkun á afhendingu skipsins dragist fram yfir áramót þurfi að huga að því að hver sjái um rekstur gamla Herjólfss þar sem samningur Vegagerðarinnar og Eimskips um rekstur hans rennur út þann 31. desember 2018.

5. Bókunarkerfi

Rætt um bókunarkerfi fyrir Herjólf. Hugmyndir bornar á borð um að uppfæra eldra Carus bókunarkerfi eða taka nýtt kerfi í notkun. Hugmynd um svokallaða „one shop stop“ rædd og gætu þá aðrir aðilar tengdir ferðapjónustu verið með í verkefninu.

6. Bókanir vegna ársins 2019

Rætt var um bókanir fyrir árið 2019, auk þess sem lögð voru fram til kynningar fyrstu drög að siglingaáætlun fyrir nýja skipið. Niðurstaðan var sú að vinna áfram með drögin og kanna hug helstu notenda, fyrirtækja og ferðapjónustuaðila til draganna. Þá var ítrekað mikilvægi þess að aðilar sem vilja geti bókað ferðir með skipinu vegna ársins 2019.

7. Önnur mál

7.1 Ráðningamál

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

7.2 Starfsmanna- og kjaramál

Fyrir liggur að búið er að ráða 3 skipstjóra og yfirvélstjóra. Næst á dagskrá er að klára að ráða framkvæmdastjóra auk þess að ráða í aðrar stöður í landi og um borð í skipinu en ekki liggur fyrir að svo stöddu um hversu mörg störf er um að ræða þar sem Samgöngustofa hefur ekki getað gefið upp hversu margir verða í áhöfn skipsins.

7.3 Leyfismál

GG upplýsir að byrjað sé að afla tilskilinna leyfa og skírteina fyrir Herjólf. Hefur GG verið í samskiptum við Navis sem hefur verið falið að afla allra leyfa annarra en þeirra sem smíðanefnd mun afla. Allt í allt eru þetta 33 leyfi. GG upplýsir einnig að Navis vinni að gerð öryggishandbókar fyrir Herjólf.

7.4 Vörumerki Herjólf

Rætt um að Herjólfur þurfi vörumerki. Hugmyndir ræddar um að hafa samkeppni eða leita til fagaðila um hönnun merkisins.

Að lokum voru lagðar fram fundargerðir funda nr. 4, 5 og 6, þær samþykktar og undirritaðar.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 20:20

Fundargerð ritaði ABl.

